

LÖG um skipagjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjárhæð og álagning.

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð skipagjald af hverju skipi sem skráð er á aðal-skipaskrá eins og hér segir:

<i>Skráningarlengd skips</i>	<i>Árlegt gjald (í kr.)</i>
< 8 metrar	10.940
8–15 metrar	19.600
15–24 metrar	43.750
24–45 metrar	86.800
45–60 metrar	143.300
≥ 60 metrar	189.700

Samgöngustofa fer með álagningu skipagjalds.

Gjald skal miðað við skráningu 1. janúar ár hvert og er gjalddagi 1. apríl og eindagi 15. maí ár hvert. Við eigendaskipti ber fyrri eigandi ábyrgð á gjaldinu þar til umskráning hefur farið fram.

Við afskráningu skips skal endurgreiða eða fella niður skipagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af yfirstandandi gjaldtímabili.

2. gr.

Lögveð.

Gjöldum samkvæmt lögum þessum fylgir lögveð í skipi í tvö ár frá því er gjald var kræft.

3. gr.

Umsjón innheimtu.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu skipagjalds og skulu þeir skila því í ríkissjóð. Heimilt er að senda eiganda skips tilkynningu um álagningu skipagjalds rafrænt.

4. gr.

Kæruheimild.

Greiðanda skipagjalds er heimilt að skjóta álagningu skipagjalds til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga um yfirskattanefnd.

5. gr.

Dráttarvextir.

Hafi skipagjald ekki verið greitt á eindaga skal greiða dráttarvexti, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af þeirri fjárhæð sem gjaldfallin er frá gjalddaga.

6. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2021.

Gjört í Reykjavík, 8. febrúar 2021.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.